

48. fundur Íslensku Vatnafræðinefndarinnar – fundargerð

Fundartími: Kl. 11:45–13:00 þriðjudaginn 20. janúar 2011

Fundarstaður: Veðurstofa Íslands, Bústaðavegi 9

Mættir voru: Árni Snorrason (Veðurstofa Íslands), Kristinn Einarsson (Orkustofnun), Hrund Andradóttir (Háskóli Íslands), Magnús Jóhannsson (Veidimálastofnun), Jórunn Harðardóttir (Veðurstofa Íslands), Þóra Ellen Þórhallsdóttir (Háskóli Íslands), Óli Grétar Sveinsson Blöndal (Landsvirkjun) og Eygerður Margrétardóttir (Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar).

Mætti ekki: Gunnar Steinn Jónsson (Umhverfistofnun)

Auglýst dagskrá fundarins:

1. Fundargerðir til samþykktar
2. Yfirlit yfir UNESCO verkefni (Árni)
3. Staða á UNESCO málþingi
4. Önnur mál

-
- 1) **Fundargerðir til samþykktar.** Ekki náðist að klára og senda út fundargerð til yfirlstrar fyrir fundinn og verður hún send út með fundargerð þessa fundar.
 - 2) **Yfirlit um UNESCO verkefni.** Árni sýndi glærur með yfirliti yfir UNESCO verkefni (yfirllestur sendur með í viðhengi). ÍVAN nefndin þarf að koma með heillegar tillögur inn í fundarstarfið og verður tölvupóstur frá IHP sendur með fundargerðinni. Fá þarf minni hóp innan Íslensku vatnafræðinefndarinnar til að skoða þessi UNESCO verkefni og setja fram tillögur og kynna fyrir hinum í nefndinni. Einn möguleikinn væri að setja fram tillögu um að setja á fót „Vatnaháskóla“ innan Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Ákveðið var að Hrund, Eygerður, Þóra Ellen og Jórunn taki þetta að sér og boðar Hrund til fundar.
 - 3) **Yfirlit um EC-PORS verkefni.** Árni sýndi glærur með yfirliti yfir sögu verkefnisins, þátttakendur og meginmarkmið og taldi hann að ÍVAN ætti að beita sér á þessu sviði (yfirllestur sendur með í viðhengi). Í framhaldinu sagði ÞEP í stuttu máli frá a) SUMN – Samvinnunefnd um málefni norðurslóða þar sem ætlunin er að leggja áherslu á vöktun og b) vöktunarverkefni sem snýr að blómgunartíma plantna sem er sjálfboðaliðaverkefni.
 - 4) **UNESCO málþing um vatn.** Jórunn sagði frá stöðu þeirrar vinnu. Guðný Helgadóttir sem upphaflega óskaði eftir samvinnu við ÍVAN er nú hætt í UNESCO nefndinni. Guðnýju fannst hugmyndin um að færa slíkt málþing fram á Dag vatnsins mjög áhugaverð en hún vildi ekki ákveða neitt fyrir hönd nýrrar nefndar. Jórunn tekur að sér að tala aftur við Guðnýju og fá nafn á nýjum tengilið. Þema Dags vatnsins í mars verður vatn í þéttbýli og var rætt um að setja inn á dagskrá málþings á Degi vatnsins umfjöllun um „Borgarskipulag í Heiðmörk“ og tengingu við Vatnatilskipun.
 - 5) **Önnur mál.** a) Rætt var stuttlega um mengunarráðstefnu í febrúar. b) Fram kom að send hafa verið drög að nýjum vatnalögum til umsagnar.

Fundi slitið kl. 13:10

Næsti fundur verður haldinn eftir að minni hópur um UNESCO verkefni hefur sett fram tillögur.